



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

24.4. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, þingmál 710.

Samkvæmt frumvarpinu leysir kjararáð af hólmi kjaradóm og kjaranefnd. Verkefni kjararáðs verður að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem ekki ráðast með samningum. Fullskipað skal fimm manna kjararáð ákveða starfskjör þjóðkjörinna fulltrúa og dómara, en þrír nefndarmenn skulu ákveða kjör annarra.

Í 10. gr. er ákvæði sem heimilar kjararáði að láta launabreytingar þeirra, sem taka laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs, taka breytingum almennrar launavísitölu sem ráðið velur í samráði við Hagstofu Íslands. Samtök atvinnulífsins lýsa undrun á þessu ákvæði frumvarpsins. Lagt er til að á ný sé tekin upp vísitölubinding launa á ný á Íslandi sem kostaði gríðarleg átök að afnema á níunda áratug síðustu aldar. Ekkert vestrænt ríki hefur gengið lengra í vísitölubindingum launa og Ísland og þarf ekki að hafa mörg orð um það að fyrirkomulagið olli miklu tjóni á efnahagslífi landsmanna áratugum saman. Nú er lagt til að vísitölubindingin nái til forystumanna þjóðarinnar og helstu embættismanna og hætt við að hún yrði öðrum fordæmi og breiddist hratt út. Í þessu samhengi er rétt að minnst þess að árið 1989 gerði þáverandi fjármálaráðherra kjarasamning við háskólamenn í starfi hjá hinu opinbera sem fól í sér umtalsverða upphafshækkun þeim til handa, auk vísitölubindingar við launahækkanir annarra. Þessi samningur olli mikilli gremju á vinnumarkaðnum þar sem hann fól í sér að allar hækkanir, sem almenn stéttarfélög semdu um fyrir félagsmenn sína, gengju með sjálfvirkum hætti til háskólamanna. Þessi ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra voru felld úr gildi ári síðar eftir að Alþingi samþykkti frumvarp ráðherrans þess efnis.

Vísitölubinding á því formi sem lagt er til í frumvarpinu hefði augjóst fordæmisgildi fyrir aðra og er líklegt að mikill þrýstingur myndaðist á að fá slík ákvæði, bæði inn í kjarasamninga og persónubundna ráðningarsamninga. Það felur í sér mikla hættu á víxlverkandi hækkunum launa, eins konar launaspíral, sem gætu stöðugt farið vaxandi með tímanum. Eftirfarandi dæmi, sem í megindráttum er byggt á þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár á íslenskum vinnumarkaðnum, varpar ljósi á þá hættu sem í vísitölubindingu launa eins hóps við launaþróun annarra hópa felst. Dæmið byggir á tveimur hópum sem gera kjarasamninga til fjögurra ára og að launavísitala standi saman af launabreytingum þessara tveggja hópa í hlutfallinu 60/40. Samkvæmt dæminu fær þriðji hópurinn, sem kjararáð ákvarðar laun fyrir, sömu upphafsþreitingar og hópur B fær á fjögurra ára fresti, en hin árin hækkar hann samkvæmt launavísitölu. Niðurstaða dæmisins er sú að á fyrstu níu árunum hækkar kjararáðshópurinn um 25,7%, en hópur A um 21,8% og hópur B um 24,2%, þ.e. um 3,2%



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

umfram hóp A og 1,2% umfram hóp B. Dæmið sýnir að það dregur sífellt sundur með kjararáðshópnum og hinum hópnum. Meginástæðan fyrir því að svona getur farið er sú að upphafshækkunar við endurnýjun kjarasamninga fela oftast í sér mat á launaskriði fyrra tímabils og því felur sú aðferð, að hækka kjararáðshópinn eins og viðmiðunarhópin á því ári sem kjarasamningar eru endurnýjaðir og hækka samkvæmt vísitölu eftir það, í sér að launaskriðið er fært tvívegis inn í kjör kjararáðshópsins.

Áhrif vísitölubindingar launa kjörinna fulltrúa

Dæmi um launaþróun kjörinna fulltrúa o.fl. skv. kjararáði ef laun þeirra verða vísitölubundin við launavísitölu

Samningar til 4 ára, 4% upphafshækkunar, 2% almennar hækkunar, 1% launaskrið árlega

Kjörnir fulltrúar fá hækkun ári 2 og 6 skv. samningum B, en hækkun launavísitölu önnur ár

	Kjara- samnings- hækkun A	Kjara- samnings- hækkun B	Launa- skrið	Launa- þróun A	Launa- þróun B	Launa- vísitala A+B (60/40)	Launaþróun kjörinna fulltrúa	Kjara- þróun kjörinna umfram A
Ár 0				100,0	100,0	100,0	100,0	
Ár 1	4%	2%	1%	104,0	102,0	103,2	103,2	-0,8%
Ár 2	2%	4%	1%	106,1	106,1	106,1	107,3	1,2%
Ár 3	2%	2%	1%	108,2	108,2	108,2	109,5	1,2%
Ár 4	2%	2%	1%	110,4	110,4	110,4	111,7	1,2%
Ár 5	4%	2%	1%	114,8	112,6	113,9	115,2	0,4%
Ár 6	2%	4%	1%	117,1	117,1	117,1	119,8	2,4%
Ár 7	2%	2%	1%	119,4	119,4	119,4	122,2	2,4%
Ár 8	2%	2%	1%	121,8	121,8	121,8	124,7	2,4%
Ár 9		2%	1%	121,8	124,2	122,8	125,7	3,2%

Af framangreindum ástæðum mótmæla Samtök atvinnulífsins eindregið þeirri heimild til vísitölubindingar launa sem í 10. gr. felst og hvetja Alþingi til að fella heimildina brott úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri